

VATNSENDI - ÞING. Hólmaþing 5 og 5b


Breyting skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. $\frac{123}{2010}$. ONE1701362

Greinargerð:


Á fundi skipulagsráðs 16. janúar 2017 var lagt fram erindi lóðarhafa dags. 13. janúar 2017 þar sem óskað er eftir að skipta 3.165m² lóð að Hólmaþingi 5 í tvær lóðir.

Hólmaþing 5 verður eftir breytingu 2.020 m² og lóð að Hólmaþingi 5b verður 1.145 m². Ný aðkoma er gerð að Hólmaþingi 5 sem færast frá Hólmaþingi að Guláþingi. Á lóðinni að Hólmaþingi 5 verður byggignarréttur óbreyttur en á lóðinni að Hólmaþingi 5b er gert ráð fyrir einbýlishúsi á einni hæð auk kjallara. Aðkoma verður að efrihæð en bílageymsla og íveruherbergi verða í kjallara. Hámarks veggghæð verður 7,5 metrar og þakform er frjálst. Grunnflötur er áætlaður 136 m² og hámarks byggingarmagn er 272 m². Gert er ráð fyrir þremur bílastæðum á lóðinni. Aðkoma að lóðinni verður norðan Hólmaþings 3. Almennt er vísað í gildandi deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Þing samþ. í bæjarstjórn 24. 05.05 m.s.br. 2. maí 2007 og 6. nóvember 2012

Á fundi skipulagsráðs 16. janúar 2017 var samþykkt með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillöguna. Á fundi bæjarstjórnar 24. janúar 2017 var samþykkt skipulagsráðs staðfest..




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs. Staðfest 24. febrúar 2014



Deiliskipulag: VATNSENDI - ÞING.


Samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 2005 m.s.br.

Mkv. 1:2000




Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Hólmaþing 5 og 5b

Mkv. 1:2000




Skýringarmynd: Gildandi deiliskipulags. m.s.br. Afstöðumynd Hólmaþings 5 Mkv. 1:500



Skýringarmynd. Afstöðumynd Hólmaþings 5a og 5b


Mkv. 1:500



Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Hólmaþing 5 og 5b. Sneiðmynd B-B í mkv. 1:500

Kópavogur 16. janúar 2017

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri



Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Hólmaþing 5 og 5b. Sneiðmynd A-A í mkv. 1:500

Skýringar

- Ytri byggingarreitir
- Innri byggingarreitir
- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Mörk breytinga
- Stækkun / Breytingar
- Flatarmál lóða
- Fjöldi hæða og kjallari
- Manir, hæð um 2,5 metrar
- Göngustígur
- Reiðleið
- Mannvikri sem eru til staðar